



Fjölmennti á aðalfundi FÍA: Ný stjórn tekin við

tveir áfram úr fyrri stjórn

Hafsteinn Pálsson fráfarandi formaður FÍA gaf ekki kost á sér til endurkjör á síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var í lok febrúar. Á fundinum kom fram að líklega væri hann þaulsetnasti formaður í sögu félagsins þar sem hann hafði setið óslitið í 5 ár sem formaður og þar á undan eitt ár sem varaformaður í stjórn Franz Ploder. Hafsteini og fráfarandi stjórnarmönnum voru þökkud störfín á liðnum árum með lófaklappi.

Í ræðu fráfarandi formanns fór hann yfir helstu verkefni á síðasta ári og eitt þeirra var aðkoma FÍA að bakgrunnsathugun flugmanna. Hann sagði ríkislögreglustjóra hafa veitt a.m.k. 4 flugmönnum neikvæða umsögn vegna bakgrunnsathugar og hefur FÍA brugðist við þeim málum öllum. Hrunðið var af stað vinnu sem Lógi Kjartansson lögfræðingur leiddi í nafni FÍA og voru niðurstöður hans lagðar fyrir innanríkisráðherra. Til efnislegrar meðferðar eru nú tillögur til breytinga á lögum um bakgrunnskoðanir og hefur Erna Á. Mathiesen lögfræðingur FÍA skilað inn í samráði við þáverandi stjórn FÍA athugasemdum sem vonir standa til að teknar verði til greina.

Vinnudagar fyrir FÍA:

Hafsteinn notaði tækifærið á síðustu metrum formennskunnar til að viðra hugmynd sem byggir á erlendri fyrirmynd og felst í því að flugmenn leggi stéttarfélaginu til daga sem það getur svo nýtt. Þetta mun víða vera gert eins og FÍA hefur kynnst í alþjóðastarfinu og getur t.d. verið með þeim hætti að lagður er inn 1 vetrarorlofs dagur annað hvert ár sem nefndir og ráð gætu nýtt

sér til sífellt fleiri verkefna í stækkandi félagi. Þannig þyrftu félagsmenn FÍA ekki að ráðstafa sínum eigin frídögum í vinnu á vegum FÍA. Hafsteinn sagðist hafa tekið þá meðvituðu ákvörðun að bera þessa hugmynd ekki upp í sinni formannstíð heldur vildi hann leggja það til við nýja stjórn að hugmyndin yrði skoðuð ásamt öðrum verkum.

Kosning um formann og meðstjórn:

Jón Hörður Jónsson og Örnólfur Jónsson buðu sig fram til formanns og 6 voru í frambóði til 5 sæta í meðstjórn. Mæting á fundinum var mjög góð eða um 150 manns og annað eins af umboðum, sem þýddi nærri 300 atkvæði á fundinum. Almenn var góður rómur gerður að fundinum og Jón Hörður lýsti stuðningi sínum við Örnólf sem

rétt kjörinn formann og sagðist styðja hann til góðra verka.

Sú breyting verður nú í skipan stjórnar að Air Atlanta flugmenn eiga aðeins einn fulltrúa í stjórn í stað tveggja áður. Örnólfur sagði eftir kosningarnar að fara þyrfti kosningakerfi FÍA í nútímalegra horf m.a. til að allir félagsmenn hefðu tækifæri til að nýta atkvæði sitt.

Þeir Guðmundur Már Þorvarðarson og Högni B. Ómarsson voru endurkjörnir í meðstjórn FÍA. Högni verður áfram ritari og Guðmundur hefur tekið við sem nýr gjaldkeri.

Ný stjórn FÍA:

Örnólfur Jónsson formaður
Kjartan Jónsson varaformaður

Meðstjórnendur

Guðjón Halldór Gunnarsson
Guðmundur Már Þorvarðarson gjaldkeri.
Helgi S. Skúlason
Högni B. Ómarsson ritari.
Sigrún Bender

Varamenn

Jens Þór Sigurðarson
Óðinn Guðmundsson

Metráðningar á flugmönnum

Íslensk flugfélög eru farin að finna fyrir skorti á flugmönnum sem uppfylla skilyrði um menntun og tímafjölda. Það er ekki að undra að þessi staða sé uppi ef litid er til gríðarlegs uppgangs flugfélaga eins og Icelandair og WOW á síðustu misserum og árum. Icelandair stendur nú í einhverjum almetstu þjálfunum nýrra flugmanna sem nokkru sinni hafa átt sér stað hjá félaginu. Ráðnir hafa verið 62 nýir flugmenn sem eru að taka til starfa nú í vor. Við þetta bætist töluverður fjöldi sem

kemur aftur til starfa eftir uppsögn og/ eða launalaus leyfi. Þá er reiknað með að nærri 40 reynslumestu flugmenn félagsins taki stöðu flugstjóra á þessu ári. Flugmenn Icelandair verða alls um 424 talsins þegar mest verður í sumar.

Fjöldaráðningar flugmanna hafa einnig staðið yfir hjá WOW flugfélaginu og nú eru tæplega 70 flugmenn WOW á kjarasamningi við Íslenska flugmannafélagið. Ef áætlanir ganga eftir verða þeir orðnir vel á annað hundrað fyrir lok þessa árs.

Nefndaskipan
bls 2

Hætturarnar við
kyrrsetu
bls 3

Kynning fyrir flugmenn
Icelandair
bls 3

Orlofs-
húsamál
bls 4

Reglur vantar
um dróna
bls 4

Ný skipan nefnda og ráða

Ingvar Tryggvason formaður ÖFÍA

Eftir að ný stjórn FÍA tók við eftir aðalfund FÍA í lok febrúar hefur verið unnið að skipan í allar nefndir og ráð félagsins eins og tíðkast að loknum aðalfundi. Nokkrar mannbreytingar hafa orðið og hægt er að kynna sér allar nefndir og nálgast frekari upplýsingar á vef FÍA. Við birtum hér nokkrar af helstu breytingunum sem hafa verið gerðar.

ÖFÍA:

Ingvar Tryggvason hefur tekið við sem nýr formaður Öryggisnefndar FÍA í stað Steinþórs Páls Ólafssonar. Aðrir í nefndinni eru: Björn Ásbjörnsson, Jón Hörður Jónsson, Magni Snær Steinþórsson, Sigrún Björg Ingvadóttir og Sigurður Björnsson. Netfang nefndarinnar er: oryggisnefnd@fia.is

Laganefnd og Alþjóðanefnd:

Sú breyting hefur verið gerð að Erna Mathiesen lögmaður sem starfar á skrifstofu FÍA hefur tekið við formennsku í Laganefnd. Nefndin á stórt

verkefni fyrir höndum að fara yfir og gera tillögur um breytingar á lögum FÍA og koma þannig til móts við gagnrýni sem m.a. kom fram á síðasta aðalfundi varðandi fyrirkomulag á kosningu til stjórnar. Aðrir í Laganefnd eru: Þorvaldur Fr. Hallsson, Sara Hlín Sigurðardóttir og Victor Victorsson.

Erna kemur jafnframt til með að aðstoða Alþjóðanefnd eftir þörfum, einkum þegar verkefni koma upp sem tengjast starfssviði hennar. Þetta hefur t.d. átt við síðustu misserin í tengslum við bakgrunnsskoðanir flugmanna og fleiri mál. Alþjóðanefnd skipa eins og áður: Jóhannes Bjarni Guðmundsson formaður, Jóhann Óskar Borgþórsson, Sara Hlín Sigurðardóttir og Kjartan Norðdahl ásamt formanni/varaformanni FÍA og Ernu.

Stoðnefnd:

Einar Dagbjartsson formaður, Jón Viðar Magnússon, Ragnar Arnarsson, Stefán P. Þorbergsson og Þorkell Ásgeir Jóhannsson
Netfang nefndarinnar er: stodnefnd@fia.is

Starfsmenntasjóður:

Bjarni Berg Elfarsson er nýr í stjórn Starfsmenntasjóðs. Aðrir í stjórnsjóðinni eru Egill Sigurðsson og Jóhann Ingi Sigtryggsson.
Netfang nefndarinnar er: starfsmenntasjodur@fia.is

Sjúkrasjóður:

Jónas Þór Guðmundsson formaður, Bryndís Lára Torfadóttir, Sigríður Einarsdóttir og Orri Hallgrímsson.
Netfang: sjukrasjodur@fia.is

Ársfundur IFALPA

IFALPA heldur ársfund sinn 15. til 18. apríl n.k. í New Orleans í Bandaríkjunum. Daginn áður en eiginleg ráðstefna hefst fer fram umræðufundur sem kallast GPS, Global Pilots Symposium og fjallar um mörg þau helstu mál sem til umræðu eru á vettvangi IFALPA og aðildarfélaga, ekki hvað síst sambanda flugmannafélaga eins og One World, Star Alliance og fleiri.

Dagskrá ársfundarinnar er hefðbundin að mestu leyti. Farið verður yfir störf allra 12 fastanefnda IFALPA síðasta árið og hvaða verkefni eru framundan. Einnig verða sérstakir fundir hvers svæðis og mun FÍA sitja fund Evrópudeildar IFALPA sem er ECA European Cockpit Assosiation. Á Evrópufundinum verða dagskrármálin m.a.: „transnational airlines, aftermath of GermanWings, ICAO ATRP og Europeans for fair competition”. Fyrir liggur að nokkur ágreiningur er um stefnu IFALPA varðandi aðkomu sambandsins að ATRP (Air Transport Review Panel) vinnuhópi ICAO Al-



þjóðaflugmálastofnunarinnar. Í afar einföldu máli má segja að ECA telji að tillögur ATRP hópsins gangi alltof langt í átt til frjálsræðis í flugi og að setja verði verulega varnagla fyrir launþega og réttindi starfsfólks um leið og auka eigi viðskiptafrelsi flugfélaganna. Þetta er gríðarstórt mál sem snertir framtíðarskipulag flugmála í heiminum og verður án vafa mikið rætt á þessum 71. ársfundi samtakanna.

FÍA sendir þrjú fulltrúa á ársfund IFALPA sem fram fer dagana 15. til 18. apríl n.k. Þeir sem sitja fundinn f.h. FÍA eru: Örnólfur Jónsson formaður, Kjartan Jónsson varaformaður og Jóhannes Bjarni Guðmundsson formaður Alþjóðanefndar.

Fréttabréf FÍA

Ritstjórn

Jóhannes Bjarni Guðmundsson
jbg@fia.is

Umbrot

Jóhannes Bjarni Guðmundsson
jbg@fia.is

Myndir

airliners.net
Baldur Sveinsson
Mats Wibe Lund - myndasafn.is
Shutterstock

Útgefandi

Félag íslenskra
atvinnuflugmanna

apríl 2016

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.

Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA er heimil gegn því að heimilda sé getið.

Hætturnar við kyrrsetu

Þegar við erum lengi á ferð og flugi hættir okkur til að sitja of lengi, á þetta ekki síst við um okkur flugmenn. Nýjar reglur um að ávallt skuli vera tveir í flugstjórnarklefanum virðast hafa haft þau áhrif að flugmenn standa enn sjaldnar upp í flugi en áður.

Vert er að minna á að mjög mikilvægt er fyrir heilsuna að forðast kyrrsetur og að standa reglulega upp ef við þurfum að sitja lengi eða í það minnsta teygja úr fótunum til að bæta líkamsstarfsemina. Þetta kemur fram í bókinni „Allra meina bót“ eftir Anders Hansen lækni og Carl Johan Sundberg prófessor. Bókin var þýdd af dr. Hólmfríði K. Gunnarsdóttur og gefin út af Vöku-Helgafelli í byrjun árs 2016. Eftirfarandi pistill er unninn upp úr bókinni.

Kyrrsetan drepur

Rannsóknir hafa sýnt að mjög mikilvægt er að forðast langar setur. Þeir

Kynning fyrir flugmenn Ícelandair

Ícelandair og FÍA hafa í sameiningu unnið að gerð nýs fyrirkomulags við skráargerð. Af þessu tilefni efnir FÍA til tveggja kynningarfundu fyrir flugmenn félagsins í húsnæði félagsins í Hlíðasmára 8. Jafnframt verður kynning sett á vefsíðu FÍA og gefið út sérstakt kennslumyndband. Ætlunin er að vinna eftir nýja fyrirkomulaginu frá og með útgáfu vinnuskrár fyrir júní n.k. og verður þá til reynslu í nokkra mánuði.

Fyrsti kynningarfundur var haldinn 11. apríl og verður annar kynningarfundur þann 26. apríl kl. 17 í Grjótnesi, Hlíðasmára 8. Netfang hefur verið stofnað til að senda inn athugasemdir um kerfið og notkun þess, netfangið er beidnir.ice@fia.is og verður það vakt að af fulltrúm FÍA.

Góð ráð

- Teygðu úr fótunum stutta stund, helst á hverjum klukkutíma.
- Ef þú situr við vinnuna - reyndu að vinna standandi einhvern hluta dagsins.
- Forðastu að eyða alltof mörgum klukkustundum daglega fyrir framan sjónvarpið eða tölvuna.

sem sitja stóran hluta sólarhringsins eru í meiri hættu en aðrir að fá hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki og að deyja um aldur fram. Þetta er óháð því hvort fólk stundar líkamsrækt eða ekki.

Í gríðarlega stórri rannsókn, þar sem fylgst var með 220.000 manns í mörg ár, sást að þeir sem hreyfa sig ekki stóran hluta sólarhringsins eiga ekki einungis á hættu á að verða veikir heldur einnig að deyja um aldur fram. Flestir þátttakendur í rannsókninni töldu sig stálhrausta og 87% töldi heilsu sína góða eða mjög góða. Rannsóknin leiddi í ljós að þeir sem sátu stærstan hluta sólarhringsins voru feigari en aðrir. Einnig kom í ljós að því lengri sem kyrrsetan var, þeim mun meiri líkur voru á að þeir dæju um aldur fram samanborðið við hina sem sátu skemur en fjórar klukkustundir. Lélegri fæða eða reykingar skýrðu ekki muninn á þessum hópum. Það virðist mikið að sitja ellefu klukkustundir á dag en ef lagður er saman allur sá tími sem að við sitjum daglega safnast þegar saman kemur. Ef við t.d. leggjum saman setu í vinnunni, í bílnum, í rútunni/strætó, við sjónvarpið og við tölvuna heima er þetta fljótt að koma.

Sófinn hættulegur

Þekkt er að kyrrsetur auka líkur á offitu, sykursýki og fleiri sjúkdómum. Það er einnig þekkt að há blóðfitugildi auka m.a. líkur á hjarta- og æðasjúkdómum og heilblóðfalli. En hvernig hefur hreyfing jákvæð áhrif á heilsuna?

Þegar fólk hreyfir sig verður fljótt virkur lífhvati sem nefnist lípóprótín lípasi sem sagnar til sín fitu, en í hvíld er þessi lífhvati óvirkur. Rannsóknir hafa enn ekki leitt í ljós hversu mikið þarf til að hreyfa sig til að þessi lífhvati sé alltaf meira eða minna virkur. Virkir vöðvar gefa enn fremur frá sér efni sem kallast



Geirprúður Alfreðsdóttir
flugstjóri, íþróttakennari
og ritstjóri fittofly.com
skrifar

mýókin sem eru eins konar boðberar frá vöðvunum til líkamans og virðast þeir geta haft áhrif á blóðsýkur, blóðfitu og samsetningu líkamsfitunnar. Ef fólk heldur kyrru fyrir gefa vöðvarfrumurnar engin mýókin frá sér.

Það er nóg að teygja aðeins úr fótunum

Við aðstæður þar sem erfitt er að standa standa upp og röltu um t.d. eins og á skrifstofu eða í flugvél nægri að standa upp og teygja úr fótunum í u.þ.b. mínútu. Þá gefa vöðvarnir frá sér mýókin og „fitusugan“ lípóprótín lípasifer í gang. Jafnvel þó að aðeins sé hægt að teygja úr fótunum öðru hvoru í stutta stund virðist sem að mestu hættunni vegna kyrrsetunnar sé bægt frá. Að auki hefur það góð áhrif á blóðsýkurinn og blóðfiturnar að teygja úr fótunum.

Auðvelt er að lauma inn smá hreyfingu inn í daglegt líf án þess að hafa mikið fyrir því, t.d. með því að nota stigann í staðinn fyrir rúllustiga eða lyftu, a.m.k. ef aðeins er um að ræða nokkrar hæðir. Einnig er t.d. hægt að funda í gönguferð í stað þess að sitja á fundinum, það hafa t.d. bæði Barack Obama og Steve Jobs nýtt sér. Svo má standa upp og vinna standandi við tölvuna í smá stund á hverjum degi til að minnka áhrif kyrrsetunnar.

Að standa upp – eins einfalt og það hljómar – getur í raun haft mikil áhrif á heilsuna.

Kyrrsetusjúkdómar

Helstu kyrrsetusjúkdómar sem eru þekktir eru: offita, sykursýki, hjarta- og æðasjúkdómar, þunglyndi, minnisglöp, brjóstakrabbamein og ristilkrabbamein. Ef fólk situr mestan hluta dagsins aukast líkurnar á öllum þessum sjúkdómum þó að það hreyfi sig þar fyrir utan. Því getur það að forðast kyrrsetur verið eins mikilvægt og að hreyfa sig. Ef fólk, sem er ekki í góðri þjálfun, sameinar þetta tvennt, gengur í hálf tíma og forðast langar kyrrsetur þá skilar það sér í betri heilsu.

Á vef FitToFly má finna fjölda greina um flug og heilsu <http://www.fittofly.com>

Frá Skýjaborgum: Orlofshúsamál

Nú er sumarúthlutun 2016 lokið og opnað hefur verið fyrir almenna útleigu.

Alls bárust 82 umsóknir um 74 vikur. 46 fengu úthlutað skv. ósk.

37 fengu ekki úthlutað.

Enn eru nokkrar vikur lausar og bókanlegar á www.orlof.is/fia

Í sumar erum við með húsin okkar

fjögur í útleigu frá miðjum maí fram til loka september.

Að auki bjóðum við uppá ferðavagnastyrk ásamt samningi við Hótel Eddu sem vert er að kynna sér á orlofs-síðunni okkar.

Húsið okkar í Hrafnalöndum fór í útleigu í byrjun febrúar sl. og bókaðist

hratt upp fram á vorið og eftir því sem við heyrum eru gestir almennt mjög ánægðir með húsið og aðbúnaðinn.

Á síðasta stjórnarfundi var nýr maður tilnefndur í stjórn skýjaborga, það er Eggert Sæmundsson sem starfar hjá Norlandair. Hann kemur í stað Jens Þórs Sigurðssonar sem hefur tekið sæti varmanns í stjórn FÍA. Við þökkum Jens frábært samstarf á síðastliðnum árum.

Við minnum á tölvupóstfangið okkar skyjaborgir@fia.is

Valur Hlíðberg

Reglur vantar um dróna – raunveruleg hættu fyrir almenna flugumferð

Þó nokkur atvik hafa orðið á síðustu misserum þar sem legið hefur við árekstri flugvéla og ómannaðra loftfara eða svokallaðra dróna. Það er ástæðan fyrir því að nú er aukinn þrýstingur á að settar verði reglur um starfsrækslu þessara loftfara. Svo virðist sem ákveðin værukærð hafi ríkt um þessi mál og enn sem komið er hafa ekki verið settar neinar samræmdar reglur, t.a.m. í Evrópu, en EASA flugöryggisstofnun Evrópu er að vinna að regluverki um þessi mál. Staðan í Evrópu í dag er sú að það er hvers ríkis fyrir sig að setja reglur um loftför sem eru 150 kg og léttari, sem veldur því að reglurnar verða margar og misjafnar. Á sama tíma er fleygir þróun þessara tækja fram og þeim fer fjölgandi. Ýmsar fréttir hafa birst á undanförunum mánuðum um notagildi ómannaðra loftfara og m.a. hafa björgunarsveitir hérlendis verið að prófa sig áfram á þessu sviði.

Innanríkisráðuneytið hefur fyrir nokkru birt drög að nýrri reglugerð um dróna á vefsíðu ráðuneytisins. Í gildandi lögum um loftferðir segir að heimilt sé að setja sérstakar reglur um ómönnuð loftför og þess vegna þarf ekki að setja sér lög um þessi mál, heldur nægir að birta reglugerð. Markmiðið er auðvitað að tryggja flugöryggi og um leið öryggi borgaranna.

Í drögum þeim sem birt hafa verið á vef ráðuneytisins segir er m.a. gert ráð fyrir að sækja þurfi um leyfi til Samgöngustofu fyrir starfsrækslu dróna þyngri en 30 kg. Ef nota eigi léttari dróna en 30 kg í atvinnuskyni skal einnig sækja um leyfi og sömu



Þessi mynd birtist á samfélagsmiðlum og vakti m.a. spurningar um hæð og staðsetningu loftfarsins þegar myndin er tekin. Þessi dróni er býsna nærri Reykjavíkflugvelli og spurt var um mögulega árekstrarhættu við flugvélar sem voru á leið til lendarar til suðurs? Skyldi flugturninn hafa vita um þessa umferð?

reglur gilda og fyrir þyngri gerðirnar. Stjórnandi hins ómannaða loftfars skal þá vera handhafi einhverra eftirtalinnna skírteina fyrir flugvél eða þyrlu: flugmannsskírteinis, létt loftför (LAPL), einkaflugmannsskírteinis (PPL), atvinnuflugmannsskírteinis (CPL), eða atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL), eða hafa staðist bókleg próf fyrir framangreind skírteini þann 1. janúar 2012 eða síðar. Stjórnandi skal hafa þekkingu á virkni og stjórnun loftfarsins og fullvissa sig um að flugið geti verið starfrækt með öruggum hætti.

Einnig kemur fram í drögunum að óheimilt sé að fljúga innan þéttbýlis og einnig að fljúga innan við 1,5 km frá svæðamörkum flugvallar nema fyrir liggja leyfi rekstraraðila flugvallarins. Samþykki viðkomandi flugumferðarþjónustudeildar þarf fyrir öll flug ómannaðra loftfara innan flugstjórnarsviða og vallarsviða (sjá upplýsingar í AIP). Í reglugerðardrögunum eru nokkrar takmarkanir tilgreindar eins og t.d. eftirfarandi:

Ekki er heimilt að fljúga ómönnuðu loftfari á skilgreindum æfinga-, hafta- eða bannsvæðum sem birt eru í AIP nema með samþykki viðkomandi flugumferðarþjónustudeildar.

Ekki er heimilt að fljúga loftfari innan 150 m fjarlægðar frá íbúðarhúsnæði, nema með samþykki húsráðanda.

Ekki er heimilt að fljúga loftfari innan 150 m fjarlægðar frá forsetabústað, ráðuneytum eða öðrum opinberum byggingum, þ. á m. lögreglustöðvum og fangelsum.

Ekki er heimilt að fljúga loftfari í meiri hæð en 120 m yfir jörð. Ef slíkur búnaður er til staðar í loftfarinu skal forrita loftfarið til þess að fara ekki hærra en 120 m. Ekki er heimilt að fljúga loftfari þannig að flug fari út úr auglýs stjórnanda og/ eða sé utan við drægni stjórnataka.

Yfirvöldum virðist nokkur vandi á höndum að koma böndum á þessa gerð flugumferðar. Ákveðin tregða viðist við að hefta möguleikana sem þessi tækni býður uppá, en um leið er hávær krafa um að tryggja flugöryggi, öryggi almennra borgara og ekki síst virða friðhelgi einkalífs fólks.

Það er alveg ljóst að margs konar „venjuleg“ flugumferð fer fram fyrir neðan 500 fet. Nægir þar að nefna sjúkra- og neyðarflug einkum á þyrlum, eftirlitsflug lögreglu og landhelgisgæslu og svo aðflug og brottflug flugvéla til og frá flugvöllum. Ómönnuð loftför, jafnvel léttari en 1 kg geta auðveldlega valdið skaða á flugvélum og þyrlum ef til árekstrar kemur og við þessu verður að bregðast.